

Maria', víkkaði vatnsrákin milli hennar og bryggjunnar.

"Mátti ekki tæpara standa", sagði Glenister og strauk varlega um hálsinn á sér. 'En af þessum leik vildi eg ekki hafa mist fyrir nokkra peninga".

"Eg hefi verið viðstaddur nokkrar sprengingar, snjóflóð og ýmsa smá-skeinuhætta gamanleiki, en ekkert man eg eins yndislega hressandi og þenna gamanleik", sagði Dextry, og heyrðist í hinum barn-glaða róm hans, að han nmælti af sannfæringu.

"Hvers konar menn eruð þið?" spurði stúlkan brosandí, en fékk ekkert svar.

Þeir fóru með hana inn í káetu þá, er þeir höfðu sjálfir ráð yfir, hleyptu rafmagnsljósi á og litu báðir á gest sinn í einu.

Þeim bar fyrri rsjónir yndisfögur og tignarleg ungfrú, í nærskornum búningi, með sútaða skó. En það, sem Glenister kom fyrst auga á, var: augun hennar. Stór, gráleit augu, er sýndust dökkleit við rafmagnsljósið. Honum virtust þessi augu sí-starfandi, og þau sendu frá sér eitthvað líkt leifturgeisla, er hún athugaði mennina tvo. Hárið hennar hafði fallið niður á bakið og tók henni í beltis-stað. Að öðru leyti sáust engin merki eftir nýafstaðnar raunir hennar.

Glenister hafði búist við að sjá eina af þessum myndarlegu stúlkum, er tíðum halda sig á landamærunum. Fegurð, er getur hrifið menn í svip, en sem hefir til að bera ljóma svipaðan þeim, sem slær af nýhvestum morðhníf. En hið alvarlega, höfðinglega andlit þessarar stúlku, hafði nær því óþægi-